

Kópavogsbær
Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 6. september 2023
UST202307-304/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Kársneshöfn - Vesturvör 38a og 38b - Kópavogsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 27. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Kársneshöfn fyrir Vesturvör 38a og 38b.

Í erindinu kemur fram að breytingar eru gerðar á deiliskipulagsmörkum, lóð Vesturvarar 38a minnkar um 300 m², byggingarreitur Vesturvarar 38a breytast lítillega og gerð er krafa um að koma fyrir a.m.k. 60 hjólastæðum á lóð. Auk þess er gert ráð fyrir lóð Vesturvarar 38B minnki um 400 m², byggingarreitur Vesturvarar 38b breytast lítillega og gerð er krafa um að koma fyrir a.m.k. 60 hjólastæðum á lóð. Einnig verður heimilt að byggja minna byggingarmagn á umræddum lóðum.

Skipulag við ár, sjó og vötn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir gangandi og hjólandi meðfram strandlengjunni og að göngu- og hjólastígur sé sýndur með skýrum hætti á uppdrætti.

Nú þegar hefur aðgengi almennings verið skert meðfram sjónum með uppbyggingu Vesturvör 44-48 þar sem stígurinn fer ekki sjávarmegin, heldur er hann staðsettur austan við bygginguna og meðfram henni sem getur valdið núningi milli þeirra sem sækja þjónustu í byggingunni og þeirra sem hjóla framhjá innganginum.

Einnig bendir stofnunin á að göngustígur er milli bílastæða og byggingarinnar sjálfrar, getur rýrt útivistargildi svæðisins fyrir útivistarfólk á göngu um Kársnesið. Umhverfisstofnun minnir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14: Skipulag við vötn, ár og sjó. „**Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði.** Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.”

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við hönnun á allri Kársneshöfn að aðgengi almennings sé tryggt í skipulagi meðfram sjónum og að aðgengi sé ekki skert frekar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri